

Trausti Jónsson

Langtímasveiflur V

Hitabylgjur og hlýir dagar

Hitabylgjur og hlýir dagar

Inngangur

Íslenskar hitabylgjur verða að teljast fremur vesælar miðað við systur þeirra á meginlöndum og á suðrænum slóðum. En þar með er ekki sagt að þær séu svo ómerkilegar að umfjöllun sé tilgangslaus. Hér að neðan verður stiklað á stóru varðandi hlýja daga á Íslandi og ýmsar staðreyndir framreiddar til ihugunar og skemmtunar. Auk þess má hér finna hæsta hámarkshita á flestum veðurstöðvum og fleira.

Mælingar á hámarkshita

Hitamælar hafa um langt skeið verið hafðir í sérstökum mæliskýlum. Hérlandis hafa skýli verið í notkun á veðurstöðvunum a.m.k. síðan danska veðurstofan tók við mælingunum af Danska vísindafélaginu upp úr 1870. Þessi skýli hafa hins vegar verið nokkuð misjafnrar gerðar, en í grófum dráttum má skipta þeim í veggskýli og fríttstandandi skýli. Fram yfir síðari heimsstyrjöld voru veggskýli langalgengust, en upp úr því var farið að skipta skipulega yfir í fríttstandandi og lauk því verki 1964. Íslensku skýlin eru ekki alveg eins og þau sem algengust eru í heiminum, eru bæði ívið minni og lokaðri. Ástæða þessa eru hin tíðu hvassviðri hérlandis, sem oft valda truflunum í opnari og stærri skýlum einkum vegna slagrigningar og skafrennings. Talsverður munur hefur oft reynst vera á hita í veggskýlum og nýrri skýlum. Samanburðarmælingar voru gerðar nokkuð víða þegar skipt var um skýli. Þrátt fyrir nokkuð mismunandi niðurstöður þeirra mælinga frá einni stöð til annarrar virðist mega draga þá almennu ályktun að veggskýlin hafi verið hlýrri að deginum á bjartari tíma ársins en þau nýju. Þetta þýðir m.a. að hægt er að efast um allar hámarks- og síðdegismælingar frá tíma veggskýlanna og þær verða illsambærilegar við yngri mælingar. Þetta táknar að erfitt er að lýsa því yfir að ákveðnar hámarkstölur frá þessum tíma teljist met þó þær séu hærri en síðari tíma mælingar. Þær voru að minnsta kosti í sumum tilvikum gerðar í hlýrri og stundum óheppilega staðsettum skýlum. Nokkuð má fræðast um niðurstöður samanburðarmælinga, m.a. íslenskra, í Nordli et al. (1997).

Þó að nokkrar minni háttar breytingar hafi orðið á kvikasílfurs-hitamælum á síðustu 100 árum hafa þeir í öllum aðalatriðum verið eins og nú. Engin sérstök ástæða er til að vantreysta þeim mælum sem í notkun voru á síðustu öld ef þeir á annað borð höfðu verið prófaðir áður en þeir voru teknir í notkun nema einhver tilefni gefist til vantrúar. Alloft er ónákvæmt lesið af mælum, t.d. var algengt að hiti væri mældur í hálfum eða jafnvel aðeins í heilum gráðum. Þetta á reyndar sérstaklega við um aflestur af hámarks- og lágmarksmælum. Stundum er ótrúlegur munur á hita á hámarksmæli og þeim hita sem hæstur var lesinn af venjulegum mæli yfir daginn. Ákaflega erfitt er um vik ef þessi munur er t.d. 10 stig eða meira nema að sérstakar veðuraðstæður geti stutt við slíkan mun. Mælihættir (hvenær lesið er á mæla) geta haft áhrif á dagsetningu hámarks eða lágmarks eins og minnst verður á hér að neðan.

Saga hámarksmælinga á Íslandi er orðin nokkuð löng, en mælingarnar voru þó fremur strjálar þar til Veðurstofan var sett á laggirnar og það var ekki fyrr en eftir 1950 sem farið var að mæla hámarkshita á nær öllum stöðvum. Ástæður þessa eru líklega bæði kostnaður og samgönguleysi, hámarksmælar brotna mun tíðar en aðrir mælar (þeir eru alltaf teknir úr skýli og slegnir niður) og þegar slíkt gerðist tók oft mánuð eða mánuði að koma nýjum mæli til veðurstöðvar. Engar hitamæliraðir eru því eins gisnar og hámarks-mælingarnar, auk þess sem hámark dagsins er háðara mæliaðstæðum en aðrir þættir hitamælinganna (ef skýli er til staðar).

Gagnaöngengi

Mikið er af hámarksmælingum í tölvugagnagrunni Veðurstofunnar. Allar hámarksathuganir á hefðbundnum veðurstöðvum má finna í athuganatöflu (*ath_island*) í *vedur_db*. Sú tafla er þó í endurvinnslu, búast má við að eitthvað af villum finnist. Á sumrin er langalgengast að hámarkshiti sólarhringsins sé síðdegis, fyrir athugun kl.18. Talningar á hámrörkum sem byggja á hámarks-mælingunni kl.18 gefa því í langflestum tilvikum rétta mynd af hámrörkum dagsins á skeytastöðvunum

Í sólarhringstöflunni (*summa_dagur*) má finna sólarhringshámarkshita á öllum veðurstöðvum. Þar er sá leiðinlegi ágalli að sé hiti kl. 18 (eða 21) hærri en hámark eftirfylgjandi dags skráist sá hiti sem hámark við mælingu kl. 9 og telst þar með hámarkshiti daginn eftir. Þetta er kallað tvöfalt hámark og veldur því að „hitabylgja“ sem stendur aðeins einn dag í raun og veru kemur fram sem tveggja daga atburður í sólarhringstöflunni. Þessi skráningarháttur hefur hins vegar ekki verið notaður alla tíð. Fyrir 1937 var hámarkshiti að jafnaði aðeins athugaður einu sinni á dag, við kvöldathugun (þ.e.a.s. vandamálið var það sama og nú), en á tímabilinu 1937 til 1948 var hámarkshiti mældur kl.18 (17 ÍMT) og mælir þá sleginn niður, en mælir síðan sleginn niður kl. 9 án athugunar (eins og alþjóðlegar reglur kváðu um að gert skyldi). Þannig var tryggt að hámarkshitinn átti raunverulega við þann dag sem skráð var. Hins

vegar hafði þetta þann galla í för með sér að (einkum) á vetrum „týndist“ slatti af hámrörkum, þau sem áttu sér stað á kvöldin og nóttunni. Í sérstakri athugun sem E. Hovmöller greinir frá í skýrslu sinni um veðurfarsupplýsingar um Ísland (Hovmöller 1960) kemur fram að munur þessara tveggja mæliháttá valdi því að ekki sé hægt að reikna meðaltöl hámarkshita 1931 til 1960 nema að leiðrétt sé fyrir þessu. Í skýrslunni er í löngu máli (bls. 38 til 49) gerð grein fyrir sögu hámarks-mæliháttá á Íslandi og afleiðinga þeirra fram til þess tíma og ekki er ástæða til að endurtaka það hér. Þess má geta að ámóta vandamál eru uppi í Bandaríkjunum varðandi tvöföldun lágmarkshita vegna þess hve snemma morguns mælingin fer fram, en hún er þar aðeins ein. Sólarhringstaflan *summa_dagur* nær aftur til 1949 á skeytastöðvum, en til 1961 á veðurfarsstöðvum. Mæliháttir eru hinir sömu í öllum gögnum töflunnar að öðru leyti en því að veðurfarsstöðvarnar athuga hámarkshita kl.21 en skeytastöðvarnar kl.18. Þetta leiðir til þess að tvöföld hámrörk eru lítið eitt fátíðari á þeim fyrrnefndu.

Hæsti hiti mánaðarins er tíundaður í mánaðatöflunni *summa_man* og þar má einnig finna hvaða dag hámarkið var hæst. Þetta eru í langflestum tilvikum sömu tölur og eru í *Veðráttunni*.

Hvað er hitabylgja?

Hér að neðan koma nær eingöngu við sögu dagar þar sem hámarkshiti hefur náð 20°C einhvers staðar á landinu, sérstaklega er lítið á daga og mánuði þar sem slíkar tölur hafa verið útbreiddar, annað hvort sama daginn eða þá viðloðandi lengri tíma. Horft er til tíðni atburða af þessu tagi og sömuleiðis er bakgrunnur þeirra skoðaður lítillega.

Hitabylgjur í árunna rás

Til einföldunar tölum við um hitadag ef hámarkshiti mælist meir en 20°C á veðurstöð en hitabylgju þegar meir en það gerist á mörgum veðurstöðvum samtímis. Allir hitadagar bæði í *summa_dagur* og í *ath_island* voru taldir og búnir til tveir listar. Stöðvafjöldi hefur verið misjafn gegnum tíðina (sjá mynd 1) og í upphafi (1949) eru ekki gögn í töflunni nema frá 16 til 17 stöðvum. Þeim fjölgaði smám saman, eru 36 1960, en árið eftir eru veðurfarsstöðvarnar komnar inn og þá urðu stöðvarnar 58. Stöðvafjöldinn náði hámarki um 1990, eða um 80, síðan hefur þeim heldur fækkað aftur. Hitabylgjur voru nú metnar þannig að hlutfall stöðva með hærri hita en 20°C var reiknað miðað við heildarfjölda hámarks-mælistöðva á hverjum tíma fyrir alla daga, allt tímabilið. Tilraun var gerð til að tengja tímabilið frá og með 1949 með gögnum frá tímabilinu 1924 til 1948. Daglegar upplýsingar um hámarkshita eru ekki aðgengilegar í tölvutæku formi á fyrri skeiðinu, en upplýsingar liggja fyrir um mánaðarhámark einstakra stöðva. Talið var hversu margar stöðvar höfðu náð a.m.k. einum hitadegi í mánuðinum sem hlutfall af heildarfjölda hámarks-mælingastöðva. Hámarks-mælingastöðvarnar voru aðeins 12 til 13 árið 1924, um 30 1949 og tæplega 60 1961 eins og áður sagði (frá og með 1961 á talningum á stöðvum í *summa_man* og *summa_dagur* að bera saman að mestu).


Samanburður á almennum talningum

Hér verður fjallað um eftirfarandi talningar:

- Hb-ath18 - daglegt hlutfall fjölda hámarkshita >20°C af meðalfjölda hámarks-mælistöðva viðkomandi mánuð. Úr *ath_island*, mælingar kl. 18 notaðar eingöngu.
- Hb-sd - daglegt hlutfall hámarkshita >20° af fjölda hámarks-mælistöðva sama dag. Hámarksgildi tekið úr *summa_dagur*. Hér er slæðingur af tvöföldum hámrörkum.
- Hæsta daghlutfall (Hb-sd) í viðkomandi mánuði
- Summa allra hlutfalla Hb-sd í viðkomandi mánuði
- Hlutfall stöðva þar sem tx >20°C af hámarks-mælistöðvum alls í mánuði

Tafla í *viðauka 1* sýnir niðurstöður röðunar úr a) og c). Eins og sjá má er langoftast gott samræmi í röðun, þó ber að hafa í huga að röðunin til vinstri (Hb-ath18) telur alla daga, en sú til hægri aðeins hæsta dag hvers mánaðar en sleppir öðrum. Samkomulag er um að telja hitabylgjuna í lok júlí 1980 þá mestu á öllu tímabilinu 1949 til 2002, en júní 1949 og júlí 1991 eru skammt undan. Rétt er að benda á að hitinn í júlí 2003 (7. sæti í fyrri töflunni) er ekki með í aftari töflunni, færslur eru ekki komnar inn í gagnagrunnstöfluna þegar þetta er skrifað.

Í stöðva sem athuga hámark 1924 til 2003 (ekki eru allar komnar inn í ath_island 2002 og 2003)




Mynd 1

Fjöldi stöðva sem mæla hámark í þremur töflum í gagnagrunni, *summa_man* inniheldur hæsta hita mánaðarins frá 1924 og áfram og hefur verið uppfærð til 2003. Hámarks mælum var fjölgað að mun á sjötta áratugnum, áður höfðu hámarks mælingar verið gerðar á fáum af skeytastöðvunum. Mönnuðum stöðvum hafur fækkað á seinni árum. Allar skeytastöðvar eru í *summa_dagur* og í *ath_island* frá og með 1949, en veðurfarsstöðvar koma ekki inn fyrr en 1961. Eftir það er fjöldi í öllum skránum á móta, en engar veðurfarsstöðvar eru (nú) komnar í *ath_island* 2002 og 2003.


Töflur í viðaukum 2 og 3 sýna mánaðatalningar, taflan í viðauka 3 er sambærileg við viðauka 1 hvað tímabil varðar (d í lista að ofan). Röðun hágilda verður ekki alveg hin sama, þó eru júníhitarnir 1949 þeir mestu í sínum mánuði á þessu tímabili og júlíhitarnir 1991 einnig. Júlíhitarnir 1980 koma ekki eins vel fram enda komu þeir alveg í blálok mánaðar sem fram að því hafði verið tiltölulega rýr en hlýindin héldu áfram 1. ágúst. Taflan í viðauka 2 tekur til alls tímabilsins 1924 til 2002 og er unnin úr mánaðatöflunni *summa_man* eins og áður var greint frá (e í lista að ofan). Mynd 2 sýnir samanburð árssumma d) og e) á sameiginlega tímabilinu (1949 til 2002). Eins og sjá má er samræmið allgott.

Á mynd 3 er gerður samanburður á hegðan matsaðferðanna í tíma og sést vel að ferlarnir fylgjast mjög náið að á sameiginlegu tímabili og eykur það trú á að vísitalan sé trúverðug allt frá upphafi 1924. Vel sést hversu sumarið 1939 sker sig úr enda eru hæstu töflugildi allra mánaðanna júní til september á öllu tímabilinu þetta sumar. Fleira er athyglisvert á myndinni: Hitabylgjum fækkaði mjög strax um 1950, en hins vegar lauk hinu svokallaða hlýskeyði ekki fyrr en 1965. Sjötti áratugurinn er því fremur hitabylgjurýr miðað við árin á undan þó lágmark vísitalnanna sé hins vegar á hafísárunum eins og lágmark meðalhitans. Hugsanlegt er að fjölgun hámarks mælistöðva upp úr 1950 hafi verið þannig varið að „köldum“ stöðvum hafi fjölgað svo meir en „hlýjum“ að slagsíða komi í mæliraðirnar, en einnig er hugsanlegt að hér sé um raunverulegt merki um veðurfars sveiflur að ræða. Á myndinni má einnig sjá að hár breytileiki frá ári til árs hefur haldist á síðustu árum að því leyti til að nánast hitabylgjulaus ár koma enn þó hitabylgjum hafi annars fjölgað. Á þriðja og fjórða áratugnum eru hins vegar engin mjög rýr ár hvað hitabylgjur varðar.



Mynd 2

Samanburður á matsaðferðum d) og e) (sjá texta) 1949 til 2003. Aðferðirnar eru sammála um að telja 1991 mesta hitabylgjuárið á þessu tímabili og árin 1949, 1997 og 1999 fylgi þar á eftir.



Mynd 3

Hitabylgjuvísitölur 1924 til 2002, gildi einstakra ára eru sýnd sem hringir og tíglar, en heildregnu línurnar sýna 7-ára keðjumeðaltöl. Athugið að kvarðarnir eru misjafnir.

Neðstu línurnar í *viðaukatöflum 2 og 3* sýna hæstu gildi hvers mánaðar og heildarsummur. Þar má sjá hvernig hitabylgjurnar dreifast á árið og að þær eru lang algengastar í júlí, en síðan júní og ágúst. Tíðnin í maí er ívið hærri en í september þó meðalhiti í síðanefnda mánuðinum sé hærri en maíhitinn. Þetta bendir til þess að áhrif sólargangs séu e.t.v. ívið meiri á hitabylgjur en meðalhita.

Tafla 1

	mán	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
%allra daga	0	0	0	0	1,00	3,88	7,16	2,93	0,55	0	0	0	0

Tafla 1 sýnir hlut daga þar sem hámarkshiti náði 20°C á a.m.k. 10% stöðva 1949 til 2003, reiknað með gögnum úr töflu (*ath island*). Júlitalan samsvarar því að hitabylgju (í þessum sérstaka skilningi) megi vænta u.þ.b. tvo daga í hverjum júlí að meðaltali, í júní og ágúst er meðaltalið um 1 dagur.

Hvað getur hiti orðið hár á Íslandi?

Áður en þessari spurningu er svarað skal gerð nokkur grein fyrir hæstu hámarkum sem hér hafa mælst. Sú umfjöllun hefur að nokkru leyti birst áður (Lesbók Morgunblaðsins, 2000, Veður á Íslandi, 1993).

Um hæsta hámarkshita sem mælst hefur á Íslandi

Hiti hefur aðeins 6 sinnum verið bókaður 30°C eða hærri á Íslandi. Þessi tilvik eru: a) Teigarhorn 24. september 1940 (36,0°C), b) Möðrudalur 26. júlí 1901 (32,8°C), c) Teigarhorn 22. júní 1939 (30,5°C), d) Kirkjubæjarklaustur 22. júní 1939 (30,2°C), e) Hallormsstaður júlí 1946 (30,0°C) og f) Jaðar í Hrunamannahreppi júlí 1991 (30,0°C) auk þess hefur hiti á sjálfvirkri veðurstöð einu sinni náð 30°C þannig að trúverðugt megi telja, Hvanneyri 11. ágúst 1997 (30,0°C), en þá mældist hámarkshiti 27,0°C á hefðbundinn mæli í skýli. Það er reyndar hæsti hiti sem mælst hefur í Borgarfirði. Að auki hefur þrisvar frést af meira en 29°C stiga hita, það var á Eyrarbakka 25. júlí 1924 (29,9°C), Akureyri 11. júlí 1911 (29,9°C), á sama stað 23. júní 1974 (29,4°C) og á Kirkjubæjarklaustri 2. júlí 1991 (29,2°C).

Mælingar þessar eru mistrúverðugar, við lítum nú á tilvikin hvert fyrir sig. Í einu tilviki eru tölurnar frá sama degi, 22. júní 1939. Sú staðreynd að 30°C náðust á tveimur veðurstöðvum og að háþrýstimet var sett í sama veðurkerfi, dregur talsvert úr líkum á því að 30 stiga hitinn hafi eingöngu mælst vegna þess að eitthvað hafi verið bogið við mæliaðstæður. Því er hins vegar ekki að neita að ákveðinn óvissa fylgir því mælum var komið fyrir á nokkuð annan hátt en nú er og áður var um fjallað. Samanburðarmælingar sýna skýlið á Teigarhorni hlýrra yfir daginn (0,5°C - 1,5°C) en síðara skýli og óheppilega staðsett. Litlar fréttir eru af skýlinu á Kirkjubæjarklaustri.

Mjög heitt var um allt land, nema þar sem sjávarloft lá við ströndina. Þó hámarkshiti hafi mælst að meðaltali meir en 1°C of hár á í veggskýlinu á Teigarhorni þegar samanburður var gerður á skýlunum, er ekki þar með sagt að sú ályktun eigi við um þá daga sem hiti er mestur.

Þýskir háloftaathugunarmenn sendu loftbelg upp frá Reykjavík í þoku snemma morguns. Óvenjulegur hiti var í háloftunum. Daginn áður var sett annað met, þá mældist hæsti loftþrýstingur sem vitað er um í júní hér á landi (1040,4 hPa í Stykkishólmi).

Eins og fram hefur komið (sjá t.d. töflur í *viðauka 1*) er mjög óvenjulegt að hiti mælist yfir 20° á meira en 40% veðurstöðva og hefur reyndar aðeins gerst 4 til 6 sinnum (eftir því hvernig talið er) síðan 1949. Hitabylgjur voru bæði óvenju margar sumarið 1939 og gætti í fleiri landshlutum en venjulegt er. Við höfum séð í *viðauka 2* að hlutfall stöðva sem mæla 20°C var þá herra en nokkuð annað sumar. Ekki var þó bara hlýtt. Um 10. júní gerði t.d. næturfröst víða inn til landsins og snjóaði langt niður í hlíðar fjalla og til heiða. Kaldir dagar komu einnig snemma í júlí og þá varð líka næturfröst á fáeinum stöðvum. Það var þ. 19. júní sem hlýja háþrýstisvæðið nálgadist landið. Hlýindin héldust í nokkra daga en færðust dálítið til milli landshluta eftir því hvort hafgolu gætti eða ekki, þ.e. hvar miðja hæðarinnar miklu var þann eða hinn daginn. Á Kirkjubæjarklaustri komu 4 dagar í röð með yfir 20 stiga hita, 20. varð hámarkshitinn 21,6°C, 28,0°C þ.21., 30,2°C þ.22. og 26,6°C þ.23.

Athugunarmaðurinn á Teigarhorni, Jón Kr. Lúðvíksson las 30,3°C af mælinum þennan dag. Með færslunni fylgdi eftirfarandi pistill: „22. þ.m. steig hiti hátt eins og skýrsla sýnir. Var vel að gætt að sól náði ekki að hita mælira. Tel ég því hita rjétt mælda“. Þegar hámarksmaðirinn var tekinn í notkun sýndi hann 0,2°C of lágan hita, hámarkið var því hækkað um 0,2°C í útgefnum skýrslum. Engin leiðrétting

var á hámarksælinum á Klaustri. Daginn áður varð hiti á Teigarhorni mestur 24,0°C, en daginn eftir 19,9°C. Hitinn á Teigarhorni stóð stutt, kl. 9 um morguninn var hann 14,3°C, 26,6°C kl. 15 og 14,9°C kl. 21(miðað er við núverandi íslenskan miðtíma). Um miðjan daginn var vindur af norðvestri, 3 vindstig, mistur í lofti, en nærri heiðskírt.

Á Kirkjubæjarklaustri fór hiti niður í 11,5°C aðfaranótt 22., kl. 9 var kominn 23,4°C hiti, kl. 13 var hitinn 27,6°C og 25,8°C kl. 18. Norðanátt var um miðjan daginn, 3 vindstig, gott skyggni og nærri heiðskírt. Á Norðurlandi var 21. víðast hlýjasti dagurinn. Á Akureyri fór hiti þá í 28,6°C í hægri vestanátt. Þ. 22. fór hiti þar í 26,5°C. Á Fagurhólsmýri var hámarkshiti þ. 22. 28,5°C og er það methiti á þeirri stöð. Heldur svalara var vestanlands og sumar næturnar var þoka. Hiti komst þó í 20°C á Rafmagnsstöðinni við Elliðaár og í 18,7°C á Veðurstofunni þ.23. en svalara var í Borgarfirði og á Snæfellsnesi. Hæsti hiti í Stykkishólmi þessa daga var 14,8°C þ.24. Inni í Dalasýslu fór hiti yfir 20°C flesta daga (23,6°C á Hamraendum þ.25) og sömuleiðis inn til landsins í Húnaþingi og Skagafirði (25,0°C á Mælifelli og 24,0°C í Núpsdalstungu, hvoru tveggja þ. 21.). Mjög hlýtt var einnig norð-austanlands þó ekki hafi verið um met að ræða á þeim slóðum. Eins og oft er í vestlægri eða norð-vestlægri átt náði þokubræla Vesturlands ekki til Suðurlandsundirlendisins og Þingvalla, í þeim landshluta var hiti víða yfir 20°C, jafnvel marga daga í röð.

Hitametinu frá Teigarhorni í september 1940 (36,0°C) er því miður ekki hægt að trúa, þrátt fyrir góðan vilja þess sem hér skrifar. Í veðurskýrslunni frá Teigarhorni í september 1940 stendur eftirfarandi: „24. þ.m. kom hitabylgja. Stóð stutt yfir. Hún kom á tímabili kl. 3-4, en stóð aðeins stutta stund. Sjómenn frá Djúpvogi urðu hennar varir útá miðum út af Berufirði“. Á venjulegum athugunartímum var hiti sem hér segir: Kl. 9, 5,2°C, kl. 15, 13,1°C og 12,7°C kl. 22. Vindur var hægur af norðvestri og hálfskýjað eða skýjað. Hvergi annars staðar á landinu varð sérstakra hlýinda vart og almennt veðurlag gefur ekki tilefni til að vænta mætti mets. Einnig aukast efasemdir þegar í ljós kemur að eitthvað ólag virðist á fleiri hámarksælingum á stöðinni í þessum mánuði. Því er hins vegar ekki að neita að stundum hegðar náttúran sér með einhverjum ólíkindum og erlendis eru dæmi um hitamælingar sem ekki eru taldar geta staðist. Þekktasta tilvikið er e.t.v. 70°C sem að sögn mældust í Portúgal snemma í júlí 1949. Þá var sagt að fuglar hefðu fallið dauðir úr lofti og frést hefur af 60°C í Texas 14. júní 1960. Þá grillaðist maís á stönglum að sögn (óvisst með poppkornið). Má vera að eitthvað á móta komi fyrir hérlendis síðar en þangað til verða 36 stigin á Teigarhorni að liggja á lager.

Möðrudalsmetið (32,8°C) frá 26. júlí 1901 er trúlega, en það er samt bara úr óþekktu veggskýli sem enn er ekkert vitað um hvar eða hvernig hengt var upp. Líklega væri að hitinn hafi í raun verið 23°C. Ekkert einstaklega hlýtt var annars staðar á landinu þennan dag.

Metið á Hallormsstað 17. júlí 1946 (30,0°C) má e.t.v þakka skýlinu en vitað er að þar var mjög lélegt um þær mundir, sömuleiðis var langoftast lesið í heilum og hálfum gráðum. Hiti kl. 15 þennan dag var 27,0°C og um hádegi var hiti á Egilsstöðum 24,0°C en þar voru engar hámarksælingar.

Hitametið frá Akureyri 1974 (29,4°C) hefur þann kross að bera að skýlið stendur á bilastæði sem varla er hægt að telja staðalaðstæður. Á athugunartíma mældust hæst 26,5°C kl. 15.

Eldra hitametið frá Akureyri var sett 11. júlí 1911 (29,9°C) í óþekktu skýli svipað og í Möðrudal 1901, en rétt er að taka fram að enginn hámarksælir var á staðnum heldur mældist þessi mikli hiti kl.16 (15 skv. eldri tíma). Þetta var ekki venjulegur athugunartími en af athugasemd athugunarmanns má skilja að hann hafi fylgst með ælinum öðru hvoru þennan dag. Því er ekki víst að hámarkshitinn hafi verið öllu meiri. Sama dag mældist hiti á Seyðisfirði 28,9°C kl.17, hámarkið er trúlega aðeins hærra.

Í hitabylgjunni í ágúst 1997 mældist hámarkshiti á sjálfvirku stöðinni á Hvanneyri 30,0°. Sjálfvirkir mælur eru yfirleitt öllu vakrari en kvikasilfursmælarnir og algengt er að þeir sýni ívið hærri hámarks-hita en kvikasilfursmælur á sömu stöð. Hámarkshiti á Hvanneyri var mældur 27,0°C á kvikasilfursmæli í hefðbundnu skýli yfir sama tíma. Það er reyndar hæsti hiti sem mælst hefur í Borgarfirði.

Í hitabylgjunni í júlí 1991 komst hiti á Kirkjubæjarklaustri í 29,2°C eins og áður sagði (þ.2). Nokkrum dögum síðar (8.) var talan 30,0°C rituð sem hámark í athugunarbók á Jaðri í Hrunamannahreppi. Sama dag mældist hámark í Hjarðarlandi í Biskupstungum 25,3°C og hiti kl.15 var 21,8°C á Jaðri. Mjög ótrúlegt má telja að hiti á Jaðri hafi í raun náð 30 stigum þennan dag. Að auki var nokkur óreiða á veðurathugunum þessa daga og mikið um ósamræmi í athugunum. Talan hefur því ekki verið tekin trúanleg.

Hæsta mögulega hámark


Frá 1949 er meðalhámark ársins fyrir allar mannaðar stöðvar 25,4°C, hæsta árshámarkið á tímabilinu er eins og þegar er komið fram 29,4°C (1974), en það lægsta 20,6°C (1961). Gildasafnið allt fellur nokkuð vel að normaldreifingu með staðalfrávik 1,92°C og sé gengið að því sem gefnu ætti hiti að ná 30°C einu sinni á 100 til 120 árum að meðaltali. Ekki hefur verið reiknað hversu mikið líkurnar aukast með tilkomu sjálfvirku stöðvanna, en athuganir eru nú talsvert þéttari en var fyrir aðeins 10 til 15 árum.

Hvaða skilyrði þarf til að hitabylgju geri?

Til að hitabylgju geri þarf hlýtt loft að vera yfir landinu, ekki dugir eitt og sér að sólin skíni liðlangan daginn. Verði upphitun af völdum sólar nægileg kemur að því að loftið fyrir ofan verður óstöðugt. Sé kalt loft yfir þarf litla upphitun til að koma af stað lóðréttri blöndun sem endar oft með skúraveðri og skýjum, en sé loftið hlýtt þarf meira til að mynda skúrir og ský. Loft „ber“ því mismikla hitun að neðan. Þykktin (fjarlægðin) milli 500 og 1000hPa flatanna er ágæt nálgun á hita í neðri hluta veðrahvolfs. Því meiri sem hún er því hlýrra er loftið. Venja er að mæla hana í dekametrum, 500hPa flöturinn er á sumrin gjarnan í um 5,5km hæð, en það eru 550 dam, 1000hPa flöturinn er mjög nærri jörðu, oft á sumrin í um 80m eða 8 dam, sé notast við þessar tölur væri þykktin 542 dam (550-8). Mjög sjaldgæft er að þykkt í júlí fari niður fyrir 530 dam og sömuleiðis er sjaldgæft að hún fari upp fyrir 560dam. Frá og með 1958 hefur hún mest komist í 564 dam yfir landinu (1976 og 1997) og hæsta gildi ársins hefur lægst orðið 552 dam (1979).

Það lætur nærri að hver dekameter samsvari u.þ.b. 0,5°C fyrir allt loftlagið milli þrýstiflatanna tveggja. Hins vegar er það svo að sjórinn kælir ætíð hlýtt loft sem hingað berst að sumarlagi þannig að loftið er tiltölulega kaldast neðst en hlýrra ofar. Þykktin „ofmetur“ þá hita í neðstu lögum, mismikið þó. Á næstum myndum má sjá dæmi um samband þykktar og hámarkshita á landinu. Gögnin voru matreidd þannig að gerður var listi þar sem annars vegar má finna þykkt á hádegi ákveðinn dag, síðan var hæsti hámarkshiti dags fundinn úr töflunni *ath_island*, hámarkshiti kl. 18 var eingöngu notaður (af ástæðum sem raktar voru að ofan). Að því loknu var meðaltal reiknað fyrir hvern dekametra í þykkt, auk þess sem hæsta hámark og lægsta hámark sama dekametra var fundið. Tvær þykktartöflur voru notaðar, *ncep-taflan** (*summa_dagur_hov* 1958 til 1997) og háloftathuganir á Keflavíkurflugvelli 1993 til 2003 (*keflavikurtafla* – úr *ath_haloft*).

Bláu hringirnir á mynd 4 sýna meðalhámark hvers þykktarbils og vikur nær ekkert frá beinni línu. Rauðu ferhyrningarnir sýna hæsta landshámark í hverju þykktarbili og rauða línan er aðfallslína hámarkaþýðisins. Ekki er fjarri lagi að telja hitann í hverju tilviki „hámarksburðarhita“ viðkomandi þykktar en þó verður að hafa í huga að hér er nokkur árstíðasveifla bæld (sjá síðar). Svo kann að virðast að hámarkaferillinn víki nokkuð frá línunni efst og neðst, en hér er nær örugglega um sýndarvik að ræða sem orsakast af því að úrtakið er svo lítið nærri útgildunum. Líklegast er að tilviljanakennt stak liggi nær meðaltali heldur að um útgildi sé að ræða, eftir því sem stökum í þessum þykktarbilum fjölgar (með árunum) mun tilviljun sveigja gildin í kringum 560 dam og neðan við 500 dam nær aðfallslínunni. Takið eftir því að hallatalan er hér 0,48 sem er nánast sama og þau 0,5°C/dam sem minnst var á að ofan. Við 500 dam þykkt er rétt svo að hæstu landshámörk nái 1°C, en meðaltalið er um -3°C, við 560 dam er meðaltal landshámörka um 25°C, en miklar líkur eru á að tilvik eigi eftir að koma þar




Mynd 4

Samband þykktar og hámarkshita (kl.18) á landinu öllu, allt árið, þykkt úr *ncep*-gagnasafninu. Skýringar í texta.


með 30°C sem landshámark, við þessa þykkt. Hæsta þykkt sem hefur komið á tímabilinu er 564 dam (tvö tilvik á 40 árum). Þessi þykkt á mest að geta gefið 32°C sé eitthvað að marka aðfallslínuna. Hærrí hitatölur eru mögulegar, í fyrsta lagi vegna þess að (líkleg) 100 ára þykkt er hærri en 564 dam og í öðru lagi vegna þess að allmargir punktar eru lítillaga ofan aðfallslínunnar þannig að á lengri tíma myndi hún væntanlega hækka vegna þess að þau frávik sem sjá má neðan línunnar lækka hana, þeim fækkar í tímans rás. Við bestu skilyrði gæti hitinn því orðð 1 til 2°C hærri en nefnt var eða um 34°C. Þétting stöðvakerfisins (með sjálfvirkum athugunum) flýtir fyrir því að raunverulegt ítrasta hámark (burðar-geta) hvers þykktarbils finnist.

Mynd 5 sýnir það sama og mynd 4, nema hvað þykktargögnin eru úr Keflavíkursafninu. Hér er aðfallslínan heldur lægri við 564 dam, gefur 30,2°C og hallatala hennar er minni. Mögulegur hámarks-hiti er því aðeins lægri sé tekið mark á þessu gagnasafni. Ekki er gott að segja hvernig stendur á þessu, en almennt er Keflavíkursafnið aðeins hlýrra en *ncep*. Þessi munur kemur fram á mynd 6 sem sýnir tíðnidreifingu þykktarinnar í söfnunum báðum fyrir allt árið. Enn skýrari er munurinn á mynd 7 sem sýnir mismun ferlanna. Vel má vera að hér sé um landfræðilegan mun að ræða, *ncep*-gögnin eru úr punktinum 65°N, 20°V, en Keflavíkurgögnin nær Keflavík. Meðal þykktarvindur yfir landinu hefur þó stefnu ekki fjarri línunni Keflavík – 65°N/20°W og mikils munar vart að vænta. Einnig getur verið um kerfisbundna skekkju í greiningu *ncep* að ræða – og einnig er sá möguleiki fyrir hendi að raunverulega hafi neðri hluti veðrahvolfs hlýnað á undanförunum árum. Þann möguleika væri þó hægt að útiloka með því að ná í *ncep*-gögn árána eftir 1997.


*Taflan *summa_dagur_hov* er unnin upp úr svokallaðri veðurendurgreiningu National Centers for Environmental Prediction (Bandaríska umhverfisspámiðstöðin – *ncep*). Hún var kynnt í Kalnay et al. (1996). Endurgreiningin nær nú aftur til 1949, en til 1958 árið 1998. Árið 1998 voru fáein atriði úr henni tekin og þeim komið fyrir í sérstakri töflu í *vedur_db*, þar á meðal var 500/1000hPa þykktin yfir landinu.



Mynd 5
 Samband þykktar og hámarkshita (kl.18) á landinu öllu, allt árið, þykkt úr Keflavíkurgagnasafninu. Skýringar í texta.




Mynd 6
 Tíðni þykktargilda, ncep 1958 til 1997 (rauð punktalína) og úr háloftaathugunum yfir Keflavík 1997 til 2003 (blá lína). Dreifingin er skásætt til hægri, kuldapollar eru krappari en hlýir hólar. Lægstu gildi á tímabilinu eru 489,5 dam í Keflavíkurgögnum (1. mars 1998) og 493 dam í ncep (18. desember 1973). Hæstu gildin eru 561,9 dam í Keflavíkurgögnum (12. ágúst 1997) og 564 dam í ncep (27. ágúst 1976 og 12. ágúst 1997). Athugið að hér er aðeins miðað við mælingar kl. 12 á hádegi, engin gildi finnast þó hærri í ncep en þar eru fjórar greiningar á sólarhring.



Mynd 7

Tíðnimunur þykktargilda í ncep og Keflavíkurgögnum. Tíðni hinna síðarnefndu virðist vera hliðruð lítillega í átt til hærri gilda miðað við hin fyrri. Rauða línan sýnir 7-gilda keðjumeðaltal. Ekki er rétt að gera mikið úr þessum mun, hann getur átt sér ýmsar orsakir sem ótengdar eru veðurfarsbreytingum (sjá texta).




Mynd 8

Aðfallslínur þykktar og hæstu landshámarga hvers þykktargildis í janúar (blátt) og júlí (rautt) í ncep gagnasafninu (1958 til 1997).

Árstíðavangaveltur

Mynd 8 sýnir að aðfallslínur þykktar og hæstu landshámörk hvers þykktargildis eru ekki alveg þær sömu í janúar og júlí. Hæstu landshámörk við 540 dam eru um 14°C í janúar, en 20°C í júlí. Einnig má taka eftir því að halli línanna eru í báðum tilvikum nokkru minni en ársfallinn og í janúar gefur hver dekametri aðeins 0,3°C hámarksaukningu. Í júlí rennur aðfallslínan gegnum 564 dam við 30,3°C, en það er nánast það sama og 564 dam í heilsárs Keflavíkursafninu.




Mynd 9

Hæstu landshámörk í apríl og nóvember. Umfjöllun í texta.

Einnig er athyglisvert að bera saman niðurstöður tveggja mánaða þar sem þykktin er á svipuðu róli. Á *mynd 9* er litið á apríl (blátt) og nóvember (rautt). Takið eftir því að nóvemberþykkt gefur langoftast lægra landshámörk en aprílþykktin. Varla er öðru um að kenna en sólargangi, en sólin hækkar hámrörkin þó ekki nema um 2 til 3°C, þykktin (sem er fulltrúi aðstreymislofts) hefur mun meira að segja. Á nóvemberhluta myndarinnar má einnig benda á einstakan punkt langt ofan við aðra punkta. Hér er annað hvort um heiðarlega villu í hámarkaskráð að ræða eða þá að hámarkið næst í mjóum geira af hlýju lofti sem komið er framhjá *ncep*-punktinum (65°N – 20°V). Þetta má athuga nánar.


Mynd 10 sýnir hæstu hámrörk sem mælst hafa við ákveðna þykkt í hinum ýmsu mánuðum ársins. Bláa línan sýnir þykktina 530 dam. Hæsti hiti sem mælst hefur að vetrarlagi við þessa þykkt er 11°C í janúar til mars, en 16°C í maí og síðan hægt lækkingi eftir því sem á sumarið líður, fyrir 540 dam eru hæstu hámrörk að vetrarlagi 12 til 15°C, en rúmlega 20°C í júní. Lítill (eða jafnvel neikvæður) munur er á 540 og 550 dam að vetrarlagi, en 2 til 5°C munur er á 540 og 550 dam að sumarlagi. Þykktin 560 dam hefur ekki komið fyrir nema í júní til september, þá eru hæstu hámrörkin öll yfir 25°C. E.t.v. má af þessu ráða að 25 til 30°C hita sé ekki að vænta nema á tímabilinu frá maí til október, komi sú fágæta staða upp að þykktin nái 560 dam að vetri til benda línurnar á *mynd 10* til þess að ólíklegt sé að einhver ársmet verði slegin þrátt fyrir hlýindi í háloftum.

Eftir allan þennan texta um hæstu hámrörk er rétt að minna á að þessar tölur eru ekki dæmigerðar fyrir viðkomandi þykkt, heldur ítrustu útgildi. Hin dæmigerðu gildi má t.d. sjá á *myndum 4 og 5* (bláu punktarnir) og þar sést að oftast munar um 5°C á meðaltali og hámarki.




Mynd 10

Hæstu háamörk við ákveðin þykktargildi. Skýringar í texta. Athuga ber að svo getur hitst á að dekametrarnir sem næstir eru gefi nokkru hærri gildi. Ekki var leitað að því við gerð myndarinnar.



Mynd 11

Lægstu landshámörk og þykkt í janúar og júlí. Janúarþyrpingin sveigist efst mjög í átt til meðaltalsins vegna lágrar tíðni mikillar þykktar. Athyglisvert er að júlíþyrpingin er nánast alveg flöt undir 550dam, landshámörk í júlí verða vart lægri en 12°C (sjávarhiti) efri hlutinn sveigist í átt til meðaltalsins. Hinn ótrúlega lági dagur við þykktina 500 dam er 3. janúar 1968 en þá var hæsta háamark á landinu kl. 18 mínus 10,2°C. Margir muna enn að hitaveita Reykjavíkur var þá á barmi hengiflugsins, háamark kl. 18 í Reykjavík var -12,4°C í norðan og norðaustanstrekkingi.




Mynd 12
 Þykkt (*ncep*) og hámarkshiti í Reykjavík – allt árið

Þykkt og hámarkshiti í Reykjavík

Gerð var athugun á þykkt á hádegi í *ncep*-töflunni og hámarkshita í Reykjavík sömu daga (1958 til 1997). Á mynd 12 má sjá að jaðar dreifingarinnar sem afmarkast af rauðum hringjum og bláum tígum á myndinni er nokkuð skýr og að hæstu hámarks eru lengst af um 1 til 1,5°C ofan aðfallslínu hæstu gilda en hún dregst heldur niður vegna fárra tilvika við mesta og minnsta þykkt (eins og fjallað var um að ofan). Benda má á hnykk á dreifingu meðalhámarksins (grænir kassar) í kringum 540 dam þar sem nokkur munur er á halla aðfalls ofan og neðan við. Trúlega sjást hér áhrif hafgölnnar á sumrin en hún er grunnt og kalt innskot undir hlýtt loft ofar og „spillir“ fjölmörgum dögum sem ella væru talsvert hlýrri. Ef línan héldi sama halla á milli 540 dam og 565 dam og neðar væri meðalhámark við 560 dam um 19°C, en ekki 14 til 15°C. Það hindrar einnig mjög há hámarks í Reykjavík að mestu þykkt fylgir að jafnaði annað hvort mjög hægur vindur (með tilefni til hafgölu) eða sunnan- eða suðvestanátt en þá er oftast rigning og alskýjað í Reykjavík. Hæsti hiti í Reykjavík kemur þegar áttin er austlæg eða suðaustlæg, en þá er þykkt (hiti) að jafnaði hærri norðaustur og norður af heldur en sunnan við land. Slík staða er ekki algeng, því að jafnaði kólnar þegar norðar dregur. Aðfallslína hæstu hámarka gefur þó 25,3°C hita við þykktina 564 og þar sem nokkur hæstu hámarks eru þrátt fyrir allt ofan línunnar ættu bestu skilyrði að geta gefið um 27°C við 564 dam. Til þess að svo megi verða þarf þykkt norður undan trúlega að vera um 570, en það er afarsjaldgæft og er aðeins vitað um eitt dæmi um slíkt í námunda við landið, þegar þykkt milli Vestfjarða og Grænlands greindist um 570dam í HIRLAM-líkaninu í hita- bylgjunni miklu í ágúst 1997, þá var niðurstreymi við Austur-Grænland og óvísst að slíkt nýttist að fullu hérlandis.

Á mynd 13 hafa dreifar janúar og júlímánaðar í Reykjavík verið teiknaðar sérstaklega og hin kælandi áhrif sjávarloftsins koma vel í ljós. Hæstu hámarks í júlí eru greinilega í beinu framhaldi af „línu“ sem neðri hluti dreifarinnar myndar og þau 25°C sem að ofan reiknuðust við 560 dam virðast eðlileg. Mun algengara er þó að hámark í hárri þykkt sé aðeins 15°C til 17°C og sjávarloftið kæli því um 8°C til 10°C í þeim tilvikum. Hámarkshiti 12. ágúst 1997 var 21,7°C á tindi Skálafells í nágrenni Reykjavíkur, sama dag var hámarkshiti 18,3°C í Reykjavík, *ncep*-þykkt yfir landinu miðju var 564 dam, en 562 dam yfir Keflavík. Hefði loftið sem lék um Skálafell átt greiða leið niður í gegnum hitahvörf sjávarloftsins niður til sjávarmáls hefði hitinn þar orðið 29,4°C. Kannski fáum við einhvern tíma að sjá þann hita hér í Reykjavík. Hér má benda á að það var einmitt daginn áður sem 30°C mældust á sjálfvirku stöðinni á Hvanneyri og gerir hitinn á Skálafelli þá tölu talsvert trúlegri en ella hefði verið.

Í viðhengi 5 er yfirlit yfir 20°C hita í Reykjavík frá upphafi mælinga. Meginhluti efnisins birtist áður í Lesbók Morgunblaðsins (2000).



Mynd 13

Þykkt og hámarkshiti í Reykjavík í janúar (bláir hringir) og í júlí (rauðir ferningar).


Hvar á landinu má vænta hæsta hámarks dagsins?

Hér hefur verið fjallað um hæsta hámarkshita á landinu öllu og hann borinn saman við 500/1000hPa þykkt yfir landinu. Nokkur munur er eftir árstíðum hvar hæsta hámarkshita hvers dags er að vænta og fer eftir landslagi og staðháttum. Á venjulegum vetrardegi þegar vindur er tiltölulega hægur er að jafnaði hlýjast við sjóinn og einkum um sunnanvert landið. Ef hvasst er, má búast við hæstum hita þar sem niðurstreymis við fjöll gætir, oftast norðan- eða austanlands í hlýrri sunnanátt. Á sumrin er svalt við sjóinn og mestar líkur á hæstum hita inn til landsins, í stöku tilviki jafnvel inni á hálendinu. Vegna þess að vindur er oftast hægur á sumrin drepur hafgolan hlýindi þar sem hennar gætir, en hiti getur orðið hár við strendur og við firði ef vindur stendur af landi.

Á 12 ára tímabilinu 1991 til 2002 eiga flestar mannaðar veðurstöðvar a.m.k. eitt hæsta dagslandshámark, í reynd eru það þó tiltölulega fáar þeirra sem sanka að sér mun fleiri hámarkum en búast mætti við, ef tilviljun réði eingöngu. Ef dreifingin væri tilviljunarkennd ætti hver stöð að eiga landshámark dagsins á rúmra 2 mánaða fresti. Flest dagshámörk einstakrar stöðvar á tímabilinu voru á Fagurhólmsmýri, 270, nærri 4 sinnum fleiri en tilviljun ein úthlutaði. Séu Vopnafjarðarstöðvarnar Skjaldþingsstaðir og Vopnafjörður teknar saman slaga þær vel í Fagurhólmsmýri, en Seyðisfjörður, Kirkjubæjarklaustur og Vík í Mýrdal eru einnig skammt undan. Á myndum 14 og 15 má sjá hvernig hámarkin dreifast á árið, landsvæði eru nokkuð sameinuð til hægðarauka.


Dagshámörk lengra tímabils

Athugað var hver hefur verið hámarkshiti hvers dags ársins frá 1949 og út júlí 2003. Þetta er rúmlega 54,5 ára tímabil og ef tilviljun réði mætti búast við því að 6 til 7 dagamet féllu árlega. Reyndar er það svo að á tímabilinu er einungis eitt „metlaust“ ár, 1957, en sumarið það ár var eftirminnileg blíða um mestallt land. Áður var minnst á að stöðvafjöldi er minni í úrtakinu fram til 1961 og því er þess að vænta að 1949 til 1960 séu metarárari en annars væri. Að öðru leyti ætti úrtakið að vera svipað fram yfir 1995, en þá fór mönnum stöðvum aftur að fækka. Í ljós kemur (mynd 16) að greina má tvö þrep þar sem tíðnin vex áberandi, annars vegar um miðjan áttunda áratuginn, en hins vegar frá 1991. Þetta er í nokkru samræmi við mynd 3 að ofan (tíðni hitabylgna), en hún nær þó aðeins til sumarmánaðanna, mynd 16 sýnir „hitabylgjur“ á öllum árstímum. Toppurinn 1964 og 1965 er aðallega tilkominn vegna óvenju mikilla vetrarhlýinda og mörg met sem þá voru sett standa enn. Dagshámörkin má finna í viðauka 7, athuga ber að villur kunna að leynast í listanum.




Mynd 14

Fjöldi hæstu dagshámörka landsins á Kirkjubæjarklaustri og Norðurhjáleigu (saman), í Vík og á Vatnsskarðshólum (saman) og Stórhöfða. Miðað er við tímabilið 1991 til 2003. Á vetrum er Stórhöfði alloft hlýjasti staður landsins, sama má segja um Vík/Vatnsskarðshóla (Vík 73%, Vatnsskarðshólar 27%), en sjaldgæft er að Kirkjubæjarklaustur (72%) eða Norðurhjáleiga (28%) séu hlýjustu staðir landsins á vetrum, en það er mjög oft á sumrin (u.þ.b. einu sinni í viku).



Mynd 15

Fjöldi hæstu dagshámörka landsins á Fagurhólsmýri, á útnesjum eystra (Dalatanga (39%), Kambanesi (3%), Núpi (45%) og Teigarhorni (13%)) og inni á Austfjörðum (Seyðisfirði (62%), Neskaupstað (21%) og Kollaleiru (17%)). Athuga ber að sumar stöðvar gengu aðeins hluta tímabilsins og markast tíðnihlutfall þeirra innbyrðis nokkuð af því. Allar þessar stöðvar eru mjög hámarkagæfar að vetrarlagi og fjarðastöðvarnar reyndar einnig á sumrin, nema helst í júní. Fagurhólsmýri og útnesin eru mjög sjaldan hlýjustu staðir landsins á sumrin.



Mynd 16
Dreifing dagshámarna 1949 til 2003 á einstök ár tímabilsins.

Hitabylgjuhlutfall einstakra stöðva.

